



FASTANEFND ÍSLANDS

Yfirlit af vettvangi Evrópusamstarfs í Brussel

September 2019 – Fastanefnd Íslands í Brussel

Tilgangur þessa yfirlits er að veita Alþingi upplýsingar um ýmis mál sem eru til umfjöllunar á vettvangi Evrópusamstarfsins í Brussel og varða Ísland beint eða óbeint, hvort sem er í gegnum EES-samninginn, Schengen-samstarfið um innanríkis- og dómsmál eða önnur samstarfssvið, s.s. utanríkismál. Yfirlitið er birt á vefsíðu fastanefndar Íslands í Brussel og er því einnig aðgengilegt hverjum þeim sem áhuga hafa á samskiptum Íslands við ESB. Stiklað er á stóru í einstökum málefnum og eftir atvikum fylgja krækjur í nánari umfjöllun erlendra miðla. Hafa ber í huga að yfirlitið er ekki tæmandi um þau málefni sem til umfjöllunar eru á hverjum tíma.

Meginhlutverk fastanefndar Íslands í Brussel er að taka þátt í rekstri EES-samningsins og Schengen af Íslands hálfu. Fastanefndin sinnir hagsmunagæslu gagnvart ESB, auk þess að eiga í margvíslegu samstarfi og samráði við stofnanir sambandsins á ýmsum málefnaviðum, innan sem utan EES-samstarfsins. Fastanefndin fylgist einnig með þróun mála varðandi útgöngu Brets úr ESB (Brexit). Upplýsingar varðandi Brexit berast utanríkismálanefnd Alþingis frá utanríkisráðuneyti. Jafnframt er bent á umfjöllun í erlendum miðlum á vefsíðum sem eru gefnar upp neðst í þessu yfirliti.

Almennar fréttir af EES og öðru Evrópusamstarfi Íslands

Frammistaða Íslands við innleiðingu EES gerða.

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) gefur út frammistöðumat, þar sem tekið er saman yfirlit yfir árangur EES EFTA ríkjanna þriggja við innleiðingu EES-gerða. Í júlí gaf ESA út 44. frammistöðumat sitt og kom Ísland vel út úr því. Samkvæmt matinu hefur innleiðingarhalli Íslands aukist, í þriðja matinu í röð.

Árangurinn má m.a. reka til samhents átaks innan stjórnáráðs um bættu framkvæmd EES-samningsins. Bætt framkvæmd mun þar að auki auka möguleika okkar á að hafa áhrif á lagasetningu á fyrri stigum, sem helst vel í hendur við fjölgun fulltrúa frá fagráðuneytum við fastanefndina.

Sjá einnig: <http://www.eftasurv.int/press--publications/scoreboards/internal-market-scoreboards/>

Schengen-samstarfið.

Þau málefni sem falla undir Schengen-samstarfið varða einkum landamæramál, lögreglusamvinnu og öryggismál að hluta. Helstu verkefni Schengen-samstarfsins undanfarin misseri, og helstu verkefni fram undan, eru m.a. innleiðing á reglugerð um Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu (Frontex), stofnsetning nýrra kerfa, svo sem Entry/Exit og ETIAS, ásamt mótun reglna er varða brottvísun útlendinga í ólögum dvöl og beiting endurkomubanns.

Rúmenía sinnti formennsku í Evrópuráðinu frá 1. janúar til 1. júlí 2019 en þá tók Finnland við. Undir formennsku Rúmeníu náðist m.a. sátt um reglugerð um samhæfingu rekstrarkerfa (e. interoperability) og breytingar á fyrrnefndri reglugerð um Frontex sem munu hafa umfangsmikil áhrif hvað Ísland varðar enda eykst framlag Íslands í pott landamæravarða stofnunarinnar úr tveimur tilnefndum landamæravörðum yfir í 11 á tímabilinu 2021-2027. Tæknilegar útfærslur og innleiðing gerðanna og nýrra tölvukerfa mun halda áfram undir

formennsku Finna. Auk þess munu Finnar leggja áherslu á að klára breytingar á brottvísunartilskipun ESB og halda áfram umræðum um mögulegar breytingar á Dyflinnarreglugerðinni.

Fréttir af fundum í Brussel

Fundir í sameiginlegu EES-nefndinni 7. febrúar, 28. mars, 8. maí, 14. júní, 10. júlí og 27. september 2019.

Ísland tók við formennsku í sameiginlegu EES-nefndinni 1. júlí sl. Nefndin hefur fundað sex sinnum frá útgáfu síðasta yfirlits af vettvangi Evrópusamstarfs í Brussel.

Á undan Íslandi fór Liechtenstein með formennsku, en furstadæmið tók við þann 8. febrúar sl. Á fundinum voru felldar inn í samninginn 29 ákvarðanir um upptöku 62 ESB-gerða. Þá lýsti sendiherra Liechtenstein áherslum formennskunnar. Meðal áhersluatriða var að bæta úr innleiðingarhallanum, sérstaklega á sviði fjármálaþjónustu, standa að skipulagi viðburða og kynninga vegna 25 ára afmælis EES-samningsins og loks að viðhalda samráði EES-EFTA ríkjanna annars vegar og ESB og Bretlands hins vegar til að komast hjá mikilli röskun þegar Bretland yfirgefur EES. Sjá nánar [hér](#).

Hinn 29. mars sl. voru felldar inn í samninginn 52 ákvarðanir um upptöku 234 ESB-gerða, en ekki hafa verið teknar inn jafn margar gerðir á einum fundi nefndarinnar áður. Þar vógu þyngst gerðir á sviði fjármálaþjónustu, en af þeim 234 gerðum sem teknar voru upp voru 155 á sviði fjármálaþjónustu. Sjá nánar [hér](#).

Á fundi sameiginlegu nefndarinnar þann 8. maí sl. voru felldar inn í samninginn 30 ákvarðanir um upptöku 52 ESB-gerða. Sendiherra Íslands lýsti einnig yfir afstöðu og sérstöðu Íslands vegna þriðja orkupakkans. Þá yfirlýsingu má nálgast [hér](#), en í henni kemur m.a. fram að þriðji orkupakkinn hafi engin áhrif á fullt forræði og yfirráð EES-EFTA ríkjanna yfir náttúruauðlindum sínum né hvernig stjórn þeirra sé háttað. Sjá nánar [hér](#).

Á fundi sameiginlegu nefndarinnar þann 13. júní sl. voru felldar inn í samninginn 46 ákvarðanir um upptöku 70 ESB-gerða. Meðal þeirra gerða sem samþykktar voru, var tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 frá 25. nóvember um greiðsluþjónustu á innri markaðnum. Gerðinni er ætlað að samræma greiðsluþjónustu á innri markaðnum og auðvelda rafrænar greiðslur. Sjá nánar [hér](#).

Hinn 10. júlí sl. samþykkti nefndin að fella inn í samninginn 23 ákvarðanir um upptöku 30 ESB-gerða. Á fundinum, sem var jafnframt sá fyrsti undir formennsku Íslands, kynnti íslenska formennskan áhersluatriði sín, sjá nánar [hér](#). Áherslurnar eru að kynna efni og innihald EES samningsins, sérstaklega gagnvart stofnunum Evrópusambandsins, svo sem framkvæmdastjórninni og Evrópuþinginu. Þá er lögð áhersla á undirbúning nýrra ESB-áætlana fyrir tímabilið 2021-27. Aukin áhersla er lögð á að skoða löggjöf Evrópusambandsins á vinnslustigi og gaumgæfa væntanleg forgangsmál nýrrar framkvæmdastjórnar og Evrópuþings, innleiðingu nýrra gerða og að meta tveggja stöða vandamál. Þá verður fylgst vel með vendingum í Brexit-tengdum málum. Sjá nánar [hér](#).

Hinn 27. september sl. voru felldar inn í samninginn á fundi sameiginlegu nefndarinnar 41 ákvörðun um upptöku 98 ESB-gerða, sjá nánar [hér](#).

Fundur EES-ráðsins 20. maí. 2019

Fundur EES-ráðsins í Brussel var fyrri fundur ráðsins af tveimur á þessu ári. Utanríkisráðherra undirstrikaði sameiginlegan skilning EES-ríkjanna á upptöku þriðja orkupakkans, meðal annars með því að rifja upp yfirlýsingu Íslands frá 8. maí sl. Hann skoraði einnig á ESB að fella niður tolla á íslenskar sjávarafurðir.

Rætt var um loftslagsmál. Lögð var áhersla á það langtímamarkmið Íslands að verða kolefnishlutlaust árið 2040 og viðræður ESB við Noreg og Ísland um samvinnu við að ná markmiðum Parísarsamningsins.

Fundur í tengslum við 25 ára afmæli EES-samningsins.

Í kjölfar formlegrar dagskrár EES-ráðsfundarins 20. maí sl. tók utanríkisráðherra þátt í pallborðsumræðu í tilefni 25 ára afmælis samningsins. Pallborðsumræðurnar fóru vel fram, en farið var yfir breitt svið bæði sögulega og um viðfangsefni framtíðarinnar.

Hér má nálgast upptöku af umræðunum, [upptaka af umræðunum](#).

Hinn 22. mars sl. hittu forsætisráðherrar Íslands, Noregs og Liechtenstein þjóðarleiðtoga alls leiðtogaráðs ESB, í tilefni 25 ára afmælis EES-samningsins. Fundurinn er einsdæmi í sögu samstarfsins. Af þessu tilefni stóðu forsætisráðherrarnir þrír saman að sameiginlegri yfirlýsingu, sem nálgast mér [hér](#), þar sem farið var yfir þann árangur sem náðst hefur og ávinning af samstarfinu.

Hinn 14. júní sl. var haldinn afmælisráðstefna á vegum EFTA dómstólsins og Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Ráðstefnan var sótt af um 300 manns, m.a. hagsmunaaðilum á evrópska efnahagssvæðinu. Á ráðstefnunni héldu erindi forseti EFTA dómstólsins Páll Hreinsson, Björn Bjarnason fyrrum ráðherra dóms-, mennta- og menningarmála, Prófessor Havard Frediksen frá Háskólanum í Bergen og Krystyna Kowalik-Banczyk dómari við almenna dómstólinn. Fyrirlestra þeirra má nálgast [hér](#), [hér](#), [hér](#) og [hér](#).

Orkumál á döfnni.

Í lok maí 2019 var samþykktur af Evrópuþinginu og ráði ESB löggjafarpakki um endurskoðun á helstu þáttum í orkulöggjöf ESB. Er sá pakki kallaður „Clean energy for all Europeans“ og mætti því nefna pakkann „Hrein orka fyrir alla Evrópubúa“ eða „hreinorkupakkann.“ Tekur hann við af gerðum í þriðja orkupakka ESB en nær einnig til gerða um endurnýjanlega orku, orkunýtni o.fl.

Um er að ræða átta gerðir (fjórar reglugerðir og fjórar tilskipanir) og hafa aðildarríki ESB nú eitt til tvö ár til þess að innleiða viðkomandi gerðir í löggjöf sína. Sem stendur er unnið að skýringarskjölum af hálfu ESB á gerðunum.

Hreinorkupakkinn mun koma til skoðunar á vettvangi EES/EFTA á komandi vetri hjá vinnuhópi EFTA um orkumál. Mun hann þar verða ítarlega rýndur og kynntur og í framhaldi af því setja viðkomandi EFTA-ríki fram kröfur sínar um undanþágur og/eða aðlaganir eftir þörfum. Í kjölfarið hefjast viðræður EFTA-ríkjanna við framkvæmdastjórn ESB um undanþágur og/eða

aðlaganir fyrir EFTA-ríkin innan EES. Endar það ferli með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um upptöku viðeigandi gerða í EES-samninginn. Má gera ráð fyrir að þetta ferli taki að lágmarki 4-5 ár. Hafa má til hliðsjónar að þriðji orkupakki ESB var samþykktur á vettvangi ESB á árinu 2009 en ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um upptöku hans í EES-samninginn (með aðlögunum og undanþágum fyrir EFTA-ríkin) var samþykkt átta árum síðar, eða í maí 2017. Við þetta ferli verður að venju farið eftir reglum Alþingis um þinglega meðferð EES-mála.

Fram hefur komið að íslensk stjórnvöld munu efla hagsmunagæslu varðandi hreinorkupakkann. Á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis hefur verið settur á laggirnar starfshópur með fulltrúum ráðuneytisins, utanríkisráðuneytisins og Orkustofnunar til að halda utan um þá hagsmunagæslu og rýnivinnu sem fram undan er. Mun starfshópurinn í þeirri vinnu hafa náið samráð við hagsmunaaðila. Í raun hófst það samráð þegar haustið 2017, þegar gerðirnar voru í mótun af hálfu ESB. Í samræmi við reglur Alþingis um þinglega meðferð EES-mála verða viðkomandi þingnefndir Alþingis upplýstar með reglubundið um gang málsins, þ.m.t. um beiðnir um undanþágur og aðlaganir vegna gerða hreinorkupakkans fyrir upptöku þeirra í EES-samninginn.

Annað

Kosningar til Evrópuþingis.

Kjörsókn til Evrópuþingkosninganna var 50,5%, sem er mikil aukning frá síðustu kosningum og hefur kjörsóknin ekki verið betri í áratugi. Stóra mynd af úrslitunum er sú að Evrópuþingið er enn á miðjunni en fylgið skiptist meira milli þingflokka. Þingflokkar EPP (e. European People's Party Group) og S&D (e. Progressive Alliance of Socialists and Democrats) misstu báðir talsvert fylgi og þar með sameiginlegan meirihluta sinn. Einn sigurvegari kosninganna voru græningjar en þjóðernissinnaðir flokkar, með efasemdir um Evrópusambandið, unnu líka vissan sigur.

Hinn 16. júlí sl. var síðan Ursula von der Leyen, fyrrverandi varnarmálaráðherra Þýskalands, kjörin forseti framkvæmdastjórnar ESB, fyrsta konan til að gegna embættinu. Ursula von der Leyen mun taka við embætti 1. nóvember nk. Hún þurfti að lágmarki 374 atkvæði en náði kjöri með 383 atkvæðum. Fyrir fram hafði talsvert verið rætt um að hún þyrfti að minnsta kosti 400 atkvæði svo kjörið yrði sannfærandi. Hin nýja framkvæmdastjórn mun taka við völdum 1. nóvember nk., en til þess þarf staðfestingu Evrópuþingsins á tilnefningu þeirra.

Ursula von der Leyen hefur komið með tilnefningar sínar fyrir framkvæmdastjóraefni, en það gerði hún 9. september sl. en fagsvið hvers og eins tilkynnti hún 10 september sl.:

Austurríki,	Johannes Hahn,	Fjárlög og stjórnsýsla (e. Budget & administration)
Belgíu:	Didier Reynders	Dómsmál (e. Justice)
Búlgaríu:	Mariya Gabriel	Nýsköpun og æskulýðsmál (e. Innovation & youth)
Króatíu:	Dubravka Šuica	Lýðræði og lýðfræði (e. Democracy & demography)
Kýpur:	Stella Kyriakides	Heilbrigðismál (e. Health)
Tjekklandi:	Věra Jourová	Gildi og gegnsæi (e. Values & transparency)
Danmörku:	Margrethe Vestager	Evrópa stafrænna tíma (e. Europe fit for the digital age)

Eistlandi:	Kadri Simson	Orkumál (e. Energy)
Finnlandi:	Jutta Urpilainen	Alþjóðleg sambönd (e. International partnerships)
Frakklandi:	Sylvie Goulard	Innri markaðurinn (e. Internal market)
Grikklandi:	Margaritis Schinas	Verndun evrópskra lífnaðarháttanna (e. Protecting our European way of life)
Ungverjalandi:	László Trócsányi	Nágrenni og stækkun (e. Neighborhood & enlargement)
Írlandi:	Phil Hogan	Viðskipti (e. Trade)
Ítalíu:	Paolo Gentiloni	Efnahagsmál (e. Economy)
Lettlandi:	Valdis Dombrovskis	Hagkerfi sem vinnur fyrir fólkið (e. Economy that works for the people)
Litáen:	Virginijus Sinkevičius	Umhverfismál og úthöf (e. Environment & oceans)
Lúxemborg:	Nicolas Schmit	Störf (e. Jobs)
Möltu:	Helena Dalli	Jafnréttismál (e. Equality)
Hollandi:	Frans Timmermans	Evrópskt grænt samkomulag (e. European green deal)
Póllandi:	Janusz Wojciechowski	Landbúnaðarmál (e. Agriculture)
Portugal:	Elisa Ferreira	Samheldni og endurbætur (e. Cohesion and reforms)
Rúmeníu:	Rovana Plumb	Samgöngumál (e. Transport)
Slovakíu:	Maroš Šefčovič	Samskipti milli stofnana og framsýni (e. Interinstitutional relations & foresight)
Slóveníu:	Janez Lenarčič	Hamfarastjórnun (e. Crisis management)
Spáni:	Josep Borrell	Sterkari Evrópa í heiminum (e. A stronger Europe in the world)
Svíþjóð:	Ylva Johansson	Innanríkismál (e. Home affairs)

Það er í höndum Evrópuþingsins að staðfesta tilnefningarnar, sem gert er ráð fyrir á næstu vikum. Það veur athygli að nær helmingur tilnefndra framkvæmdastjóra eru konur, eða 12 af 26. Það er fjölgun úr þeim átta konum sem fyrir voru og róttæk breyting frá því sem áður var, en 1988 voru engar konur framkvæmdastjórar framkvæmdastjórnarinnar.

Þá var ítalski þingmaðurinn, David-Maria Sassoli, kjörinn forseti Evrópuþingsins 3. júlí sl. með 345 atkvæðum af 667 í seinni umferð þeirra kosninga. Hann mun leiða þingið þar til í janúar 2022. [Hér](#) má nálgast innsetningarræðu hins nýkjörna forseta Evrópuþingsins.

Meðal annarra athyglisverðra fréttanna úr þessum ranni var kjör forsætisráðherra Belgíu Charles Michel sem forseta leiðtoga ráðsins. Hann mun vera þriðji forseti þess frá undirritun Lisabon sáttmálans fyrir 10 árum og er þetta jafnframt í annað sinn sem Belgi gegnir því embætti.

Gagnlegar vefsíður

EFTA-skrifstofan: <http://www.efta.int/>

Eftirlitsstofnun EFTA: <http://www.eftasurv.int/>

Uppbyggingarsjóður EES: <https://eeagrants.org/>

Evrópuþingið: <http://www.europarl.europa.eu/portal/en>

Búlgaríá í forsæti ráðs ESB: <https://eu2018bg.bg/en/programme>

Fréttir frá stofnunum ESB: https://europa.eu/newsroom/home_en

EU Observer: <https://euobserver.com/>

Politico: <http://www.politico.eu/>